

# VoLTE

14.11.2024

VoLTE eða *Voice over Long-Term Evolution* er ný tækni sem eykur hljómgæði símtala. Um er að ræða næstu kynslóð talsíma yfir farsímakerfi og mun símtalið fara yfir 4G og 5G kerfi Símanum í stað þess að nýta 2G og 3G kerfin áður. VoLTE er nauðsynlegt til að tryggja hnökralausa upplifun í reiki en fjarskiptafélög í ýmsum löndum hafa hafið að slökkva á 2G og 3G kerfum sínum. **Áætlað er að 2G og 3G kerfin kveðji með öllu í lok árs 2025.** Við erum nú þegar búin að virkja VoLTE hjá flestum viðskiptavinum en ef þú ert í Frelsis áskrift munum við virkja VoLTE hjá þér á næstu misserum.

## Styður síminn minn VoLTE?

Nánast allir símar sem eru framleiddir og seldir í dag styðja VoLTE. Ef þú ert ekki viss getur þú leitað upplýsinga á heimasíðu framleiðanda eða fengið aðstoð í þjónustuverinu okkar. Passaðu að uppfæra stýrikerfið í símanum þínum í nýjustu útgáfu sem er í boði!



### Dæmi um síma sem styðja VoLTE hjá Símanum

- Apple iPhone 8 og uppúr
- Samsung Galaxy S10 og uppúr
- Samsung A týpur framleiddar 2021 og síðar

## Til að virkja VoLTE í iPhone



### Ertu með nýlegan síma?

VoLTE er þegar virkt í iPhone sínum með iOS 16 eða nýrra!

- Farðu í **Settings**
- Veldu **Mobile Data**
- Kveiktu á **Mobile Data** hakinu ef það er ekki virkt
- Veldu **Mobile Data Options**
- Veldu **Voice & Data**
- Passaðu að **4G/LTE** eða **5G Auto/5G On** sé valið
- Er það er **VoLTE** hak neðst þarf að kveikja á því

## Til að virkja VoLTE í Android

- Farðu í **Settings**

- Veldu **Network & Internet** eða **Connections**
- Veldu **Cellular Network / Mobile Network / Mobile Data**
- Veldu **Preferred Network Type** eða **Network Mode**
- Veldu **4G/LTE** eða **5G** og virkjaðu **VoLTE/HD Voice** eða **Enhanced Calling**



**Finnur þú ekki rétta stillingu?**

Nöfn stillinga í Android tækjum geta verið mismunandi eftir framleiðendum, en þau ættu að vera svipuð.

---